

Nd.

594. Breytingartillögur

[169. mál]

við frv. til l. um heilbrigðisþjónustu.

Frá heilbrigðis- og trygginganefnd.

1. Aftan við 3. gr. bætist nýr liður.  
3.4. Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisstétta.
2. Við 22. gr. bætist nýr liður: 1) Sjónvernd og heyrnvernd.
3. Við 24. gr. 1 bætist: Kjörtímabil stjórnna heilsugæzlustöðva er hið sama og sveitarstjórnna. Heimilt er að stofna starfsmannaráð heilsugæzlustöðvar stjórninni til ráðuneytis.
4. Við 27. gr. 2 bætist: Þó skal í þeirri reglugerð ákveðið, að í hverju lækni-héraði skuli vera a. m. k. eitt sjúkrahús samkvæmt tölulíð 2 í 27.1, að geðdeild undanskilinni.
5. Við 34. gr. bætist: Þegar um er að ræða stöður yfirlækna og sérfræðinga, hefur nefndin heimild til að kveðja 2 sérfræðinga sér til ráðuneytis. Nefndin skal hafa skilað rökstuddu álitni innan fjögurra vikna, frá því að umsóknarfresti lauk.
6. Við 36. gr. 1 bætist: Þau umdæmi, þar sem erfitt er að halda uppi heilsugæzlu, skulu hafa forgang um byggingu heilsugæzlustöðva.
7. Upphaf 41. gr. orðist svo: Ráðuneytið og landlæknir skulu hafa forgöngu o. s. frv.
8. Við ákvæði til bráðabirgða:
  - a. Við 1. lið bætist: Ákvæði í 17. gr. 3, 2—3 skulu ekki koma til framkvæmda, nema ákvörðun Alþingis komi til. Á meðan skulu héraðslæknar á Hvolsvelli, Hellu, Selfossi, Laugarási, Eyrarbakka og Hveragerði gegna embættum sínum samkvæmt læknaSKIPUNARLÖGUM, nr. 43/1965, með áorðnum breytingum.
  - b. Við 3. lið bætist: Heimilt er ráðherra að ráða hjúkrunarkonur til lækna utan heilsugæzlustöðva.